

Umhverfisstofnun
Áb. SF
17 JAN. 2008
54.55
Tilv. UST20071100086



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24  
15-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. janúar 2008

Tilvísun: UST20071100086/sf

### Efnistaka af hafsbotni í Hvalfirði. Tillaga að matsáætlun - svör við athugasemdum framkvæmdaraðila við umsögn Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun stendur við umsögn sína dags. 10. desember 2007 og breyta svör framkvæmdaraðila við umsögn stofnunarinnar engu þar um. Stofnunin fagnar því að í svörum framkvæmdaraðila er tekið undir athugasemdir stofnunarinnar í nokkrum atriðum. Stofnunin vill minna á að mikilvægt er að tillögur að matsáætlun séu vel unnar þannig að meginþættir framkvæmdar séu ljósar, gerð sé grein fyrir helstu þáttum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar, áhrifasvæði og áhersluþætti matsvinnunnar. Stofnunin hefur þær skyldur að koma með athugasemdir við tillögu að matsáætlun á sínu starfssviði og er sérstaklega tekið fram í 22. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum að komi umsagnaraðili fram með ný atriði í umsögn um frummatsskýrslu sem ekki hafi komið fram áður í umfjöllun hans á fyrri stigum beri honum að gera grein fyrir því sérstaklega og ástæðu þess að það hafi ekki komið fram fyrr. Með vísun til þess telur stofnunin mikilvægt að kröfur 13. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum séu uppfylltar þannig að stofnunin geti sinnt skyldu sinni og gefið faglega umsögn sem nýtist framkvæmdaraðila við vinnu að frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.


Umhverfisstofnun vill þó til frekari skýringa taka eftirfarandi fram:

- Umhverfisstofnun telur að verndargildi botnfánunnar eigi ekki að hafa áhrif á hvort metin verði áhrif mismunandi dælingaraðferða á botndýralíf. Til að hægt sé að meta og taka afstöðu til mismunandi dælingaraðferða verði að gera grein fyrir hvaða áhrif þær hafa á lífríki. Stofnunin telur því að skoða eigi nánar og gera grein fyrir áhrifum mismunandi dælingaraðferða í frummatsskýrslu óháð því hverjar verða niðurstöður rannsóknar á verndargildi botnfánunnar.
- Framkvæmdaraðili telur ekki ljóst hvað Umhverfisstofnun á við með grunnástand lífríkis í Hvalfirði en telur að ganga verði út frá því að núverandi ástand sé grunnástand. Umhverfisstofnun telur almennt að við mat á áhrifum framkvæmda á lífríki sé ekki hægt að ganga út frá að ástandið á svæðum sem þegar hefur verið raskað með framkvæmdum sé grunnástand. Því verði að reyna að meta hvert sé náttúrulegt ástand Hvalfjarðar og

draga ályktanir út frá ástandi lífríkis utan þeirra svæða þar sem efnistaka hefur farið fram. Einnig verði að líta til sammögnaráhrifa sem orðið hafa vegna efnistöku. Umhverfisstofnun ítrekar að til unnt sé að meta hvort og hver áhrif efnistöku á lífríki verða er nauðsynlegt að þekkja það grunnástand sem fyrir er og einnig að hafa viðmiðunarpunkt utan áhrifasvæðis til að bera saman við.

- Í tillögu að matsáætlun er talað um að notast verði við fyrirliggjandi heimildir til að lýsa afdrifum gruggs, en ekki verður séð af heimildarlista að nýta eigi nýlegar heimildir varðandi slíkt. Því ítrekar stofnunin að ekki er nægilegt að gera grein fyrir áhrifum gruggs aðeins á vinnslusvæðinu þar sem áhrif á botndýralíf munu ná út fyrir það, auk hugsanlegra áhrifa á laxfiska.
- Framkvæmdaraðili vísar til þess hvað varðar heimildir að í kafla 4.2 í tillögu að matsáætlun komi fram að áhrif af efnistöku hafi verið skoðuð víða erlendis og að dreginn verði lærdómur af dönskum og enskum rannsóknum. Tillaga að matsáætlun er það tæki sem umsagnaraðilar hafa til að hafa áhrif á áhersluþætti matsvinnunar. Umhverfisstofnun telur því eðlilegt að í tillögu að matsáætlun sé gerð ítarleg grein fyrir fyrirliggjandi og fyrirhuguðum rannsóknum og að í heimildarlista sé getið helstu heimilda sem framkvæmdaraðili hyggst nýta við mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar. Stofnunin vekur því athygli á að eina erlenda heimildin sem getið er um í heimildalista er frá 1982. Í ljósi þess að fjöldi nýrra og nýlegra gagna er fyrirliggjandi um áhrif efnistöku af hafsbotni telur Umhverfisstofnun ekki annað boðlegt en að getið sé annarra heimilda.

Virðingarfyllt

  
Sigurros Friðriksdóttir



Hjalti Guðmundsson  
sviðsstjóri